



# Meltingarsetrið ehf - speglaþir

Þönglabakka 6, 109 Reykjavík

Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum

Einar Oddsson - Hallgrímur Guðjónsson - Jón Örvar Kristinsson - Óttar Bergmann - Sigurður Ólafsson - Steingerður Gunnarsdóttir

## ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARF AÐ VITA UM RISTILSPEGLUN

“Flexible colonoscopy”

### Almennar upplýsingar:

Sköðaður er endaparmur og slímhúðir alls ristilsins jafnvel upp í neðstu hluta smáþarma (sá hluti sem er sköðaður kallast “neðri hluti meltingarvegar”).

Algengar ástæður fyrir rannsókninni eru: Blóðleysi, einkenni frá ristli t.d. verkir, hægðaréglu, hægðabreytingar (niðurgangur eða harðlífi), blóð í hægðum, grunur um sepamyndun (góðkynja útvöxtur á ristilslímhúð sem í geta leynst frumubreytingar) eða bólgusjúkdóm í neðri hluta meltingarvegs.

### Undirbúningurinn:

Allur ristillinn þarf að vera tómur svo auðvelt sé að meta slímhúðina. Úthreinsun er með sérstökum hægðalosandi og úthreinsandi lyfjum. Leiðbeiningar fylgja á sér eyðublaði.

### Mikilvægt er að lækurinn sem framkvæmir rannsóknina fáir upplýsingar um heilsufar þitt almennt. Það sem lækurinn þarf að vita:

1. Hvort þú ert haldin(n) hjarta/og eða lungnasjúkdómi.
2. Hvort þú hafir nýrnakvilla.
3. Hvort þér hafi verið sagt að þú þurfir sýklalyf við tanntöku eða aðgerðir.
4. Ofnæmi - hvers konar.
5. Hvort þú ert með gerviloku í hjarta.
6. Þungun.
7. Sykursýki - aðlaga þarf lyfja- eða insúlínskammt að úthreinsuninni.
8. Hvort þú tekur blóðþynnandi lyf eins og Kóvar, Plavix, Pradaxa eða Persantin. Að jafnaði skal hætta notkun einni viku fyrir rannsókn vegna blæðingarhættu (nema lækur þinn gefi fyrirmæli um skemmri tíma). Nauðsynlegt er að hafa samráð við lækni áður en tekin er ákvörðun um að stöðva tímabundið notkun slíkra lyfja.

*Aldrei skal hætta notkun lyfja án samráðs við lækni fyrst. Flest lyf er hægt að halda áfram að nota þrátt fyrir þessa rannsókn, jafnvel rannsóknardaginn sjálfan.*

### Rannsóknin sjálf:

- Áður en rannsóknin byrjar gefur hjúkrunarfræðingur eða lækur þér stutta útskýringu á því hvernig rannsóknin fer fram. Hafðirðu spurningar skaltu endilega ber þær fram þá.
- Rannsóknina framkvæmir lækur sem er sérstaklega til þess þjálfaður.
- Þú ert beðin(n) um að klæðast sérstökum fötum á meðan á rannsókn stendur.
- Rannsóknin tekur um 30-45 mínútur (hámark 1 klst).
- Fyrir speglunina er sett upp nál með plasttúpu, svokallaður æðaleggur, í handlegginn. Í gegnum hann eru svo oftast gefin róandi lyf og verkjalyf til að

draga úr óþægindum.

- Þú liggur á vinstri hlið og kreppir bæði hné og mjaðmir.
- Skoðunin er framkvæmd með langri sveigjanlegri slöngu sem er þrædd upp frá endaparmi upp allan ristilinn. Litlu magni af lofti er dælt inn í ristilinn til að gefa yfirsýn.
- Vefjasýni eru tekin ef þörf krefur og er það sársaukalaust. Öll sýni eru send til vefjagreiningar á rannsóknarstofu. Ef slímhúðarsepar finnast við speglunina eru þeir gjarnan fjarlægðir um leið. Þegar separ eru fjarlægðir geta komið fylgikvillar svo sem blæðingar.

### **Er þetta sárt?**

Oftast er ristilspeglun óþægindalítill. Stundum veldur rannsóknin vægum kveisukenndum verkjum í kvið vegna lofts sem dælt er inn í ristilinn til að auðvelda yfirsýn. Einnig geta komið sárari verkir þegar spegiltækið er þrætt upp. Reynt er að draga úr slíku með því að nota róandi og verkjastillandi lyf meðan á rannsókn stendur. Einnig getur þú dregið úr verkjum með því að anda djúpt og rólega nokkrum sinnum meðan á rannsókn stendur.

### **Að speglun lokinni:**

- Ertu flutt(ur) í annað herbergi meðan þú vaknar upp og jafnar þig eftir rannsóknina. Þar dvelur þú að meðaltali í 30-60 mín. (skemur eða lengur eftir aðstæðum).
- Upplýsingar um niðurstöður færð þú hjá læknum þegar þú ert vel vöknuð/vaknaður.
- Hafi vefjasýni verið tekið þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðu úr þeim.
- Þú getur fundið fyrir vægum verkjum í kvið (vindverkjum) sem venjulega líða fljótt hjá.
- Þú mátt borða og drekka að vild.
- Róandi lyf valda því að þú ert ófær um að aka bíl eða stýra tækjabúnaði í 6 klst. Reiknaðu með að þurfa fylgdarmann heim eftir útskrift.
- Ef sýni hafa verið tekin geturðu orðið vör/var örlítills blóðs frá endaparmi í 1-2 daga sem er eðlilegt.

### **Er hætta á fylgikvillum?**

Ristilspeglun er örugg rannsókn. Eins og við öll læknisfræðileg inngríp geta hins vegar komið upp ófyrirsjáanlegir fylgikvillar. Blæðingar geta komið einkum ef teknir eru separ. Slíkar blæðingar stöðvast gjarnan af sjálfu sér en geta í undantekningartilfellum krafist blóðgjafar eða skurðaðgerðar. Götun á ristli er enn sjaldgæfari fylgikvilli en getur einnig krafist skurðaðgerðar. Þá geta róandi lyf valdið aukaverkunum en slíkt er sjaldgæft.

### **Eftir rannsókn - Láttu læknum þinn fljótt vita ef:**

1. Þú færð slæma kviðverki
2. Þú færð hroll og hita.
3. Þú færð miklar blæðingar um endaparm (meira en 1 tsk. í hvert skipti)
4. Hægðir verða svartar á næstu 2 vikum eftir rannsóknina.